

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 82 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðanna „25 krónur“ í a-lið 4. gr. laganna (1. gr. laga 84/1968) komi: 50 krónur, og í stað orðanna „25 krónum“ í b-lið sömu greinar komi: 50 krónum.

## 2. gr.

Á eftir síðari málsgrein 15. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Skuldabréf fyrir slíkum lánum, sem sjóðurinn tekur til að endurlána vaxtalaust, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum. Einnig skulu skuldabréf fyrir slíkum lánum, sem sveitarfélög taka hjá sjóðnum, undanþegin stimpilgjöldum, svo og skuldabréf vegna endurlána til einstakra bænda.

Nú hrekkur fé einstakra deilda skv. 2. gr. eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögnum, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að lána fé frá einni deild til annarrar án vaxta.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 84 31. desember 1968, um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

*Gjört í Reykjavík, 31. desember 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*